

Fundur 18.9.2023 Ingvar Agnarsson.

Góða kvöldið og komið þið allir sælir og blessaðir og gaman að heyra í ykkur.

*Sæll og velkominn.*

Takk fyrir. Allt of langt síðan ég hef komið í sambandið og reynum við nú að gera okkar besta til að endurskipuleggja starfið framundan með ykkur, þar sem ýmsir erfiðleikar hafa steðjað að og er okkur mjög mikilvægt að hópur ykkar Nýalssinna nái að vaxa og dafna sem best og málefni þetta nái að ná fótfestu á jörðinni gömlu.

Svo að lífsstefnan blómstri og hægt sé að hefta framrás helstefnunnar. Og finnst mér það leitt að ég hef ekki komið reglulega og sagt frá atburðum í lífi mínu sem hafa verið allmargir og merkilegir sumir og sama má segja um Þorstein Guðjónsson, góðan vin minn og samstarfsmann sem einnig biður að heilsa ykkur og sérstaklega ætt sinni og frænda.

*Þú ert Ingvar er það ekki? Já já, Komdu sæll. Blessaður.*

Það hafa nokkrir verið hér í sambandsstöðinni sem við höfum látið fara, kem inn á það síðar, en mjög mikilvægt að gangi nú vel að stýra þjóðinni í gegnum þennan brimskafl átaka sem hafa verið í kjölfar alþjóðlegrar drepsóttar sem helstefnuöflin hafa sent ykkur á gömlu jörðinni og styrjaldar ógnir.

Og munu ávextir lífstefnunnar verða góðir þegar fólk fer að sjá og skilja gagnið í stefnu dr. Helga Pjeturss og munu Íslendingar væntanlega taka þátt í því að sigla út úr þessum brimskafli helstefnunnar inn á betri tímabil.

Og þótt félagið sé ekki stórt, hefur það mikil áhrif og ásóknin er mikil að koma með sambönd til ykkar af þeim sem framiðnir eru eins og þið hafið orðið varir við.

Vildi ég sérstaklega hér í kvöld beina orðum mínum til miðilsins frænda míns, að þótt ég hafi talað um að vera sjálfsgagnrýnin má það ekki vera til að taka burt kjarkinn og bjartsýnina, og vona ég að það skijist rétt.

Mun ég einnig koma síðar og fjalla um draumarannsóknir mínar í framlífi og margar nýungar í stjórnufræðinni sem Þorsteinn vildi ekki síður koma á framfæri þegar hann kemst í sambandið, en vil ég einnig segja það áður en ég fer að það var rétt sem ég hélt fram á meðal ykkar að oft eru það helstefnuöflin sem reyna að hindra Nýalssinna.

Það má segja að við séum að bíða eftir máttabylgju sem komið hefur yfir margar frumlífsjarðir og ef hún nær til jarðarinnar mun hún valda góðum straumhvörfum.

Get ég ekki farið nákæmlega út í það að sinni en vil ég beina hugum ykkar til fjallanna og fjallasýnin er hér fögur og vona ég að þið hafið notið útiverunnar í sumar og segi það enn að útvera er góð leið til að eflast til góðra sambanda.

Er það ótalmargt sem ég vildi koma að en verð að láta þetta nægja að sinni, bið ég innilega að heilsa öllum ættingjum og þeim sem eftir okkur Heiðu muna og þakka fyrir öll gömul og góð kynni og reyni að koma aftur við tækifæri verið þið

*Dafnar ekki barnið þitt vel?*

Já já, það mætti, verð að koma að því síðar.

*Já.*

Verið þið sælir.

*Vertu sæll og takk fyrir.*